

Því dæmist rjett vera:

Stefndi, Emil Strand, greiði áfrýjanda, Einari M. Jónassyni, 69 kr. og 15 a. gegn því, að áfrýjandi láti fullgera verk það, er ræðir um í framangreindum samningi dags. 23. okt. 1915.

Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 26. nóvember 1917.

Nr. 70/1917.

Sveinn Björnsson f. h.
Det danske Mælkecompagni
gegn
Halldóri Gunnlögssyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði yfirréttarmálaflutningsmaður Sveinn Björnsson fyrir hönd hlutafélagsins »Det danske Mælke-Compagni« í Kaupmannahöfn fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn umboðssala Halldóri Gunnlögssyni hér í bænnum til greiðslu á andvirði fyrir niðursoðna mjólk, er hann hafði fengið hjá nefndu firma, að upphæð 738 kr. 40 a. ásamt 6% vöxtum

frá sáttakærudegi 18. janúar 1917 til borgunardags og málskostnaði. Lauk máli þessu svo, með dómi nefnds réttar uppkveðnum 21. júní þ. á., að Halldór Gunnlögsson var dæmdur til að greiða stefnanda 136 kr. með 6 % ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, en var að öðru leyti sýknaður af kröfum stefnanda, og var málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn Sveinn Björnsson yfirréttarmálaflutningsmaður fyrir hönd hlutafélagsins »Det danske Mælke-Compagni« skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 24. ágúst þ. á. og krafðist þess, að kröfur hans fyrir undirrétti verði teknar til greina, þannig að stefndi Halldór Gunnlögsson umboðssali verði dæmdur til að greiða umbjóðanda sínum 738 kr. 40 a. með 6 % ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags, svo og málskostnað fyrir undir- og yfirrétti að skaðlausu eftir mati yfirdómsins.

Stefndi krefst þess hins vegar, að hann verði sýknaður af kröfum áfrýjanda, og mun þar við vera átt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þar sem hann hefir eigi gagnáfrýjað málinu. Svo krefst hann málskostnaðar fyrir yfirdómi að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að í ágústmánuði 1915 fekk stefndi frá áfrýjanda 30 kassa af niðursodinni mjólk, sem voru sendir beint til hans, og í september s. á. fekk stefndi enn fremur 20 kassa af sömu vöru, og voru þeir sendir eftir ósk hans til kaupmanns á Ísafirði, en kaupmaður þessi neitaði að veita þeim móttöku fyrir þá sök, að mjólkinn væri skemd. Þetta tilkynnti stefndi hinu danska firma með

bréfi dags. 10. des. 1915, og spurðist fyrir um það, hvort hann ætti að endursenda mjólkina eða selja hana undir verði. Með bréfi dags. 31. des. s. á. viðurkendi firmað móttöku bréfs þessa og tjáði stefnda, að selja mætti mjólkina 2 aurum undir verði hverja flösku, en ef ekki væri unt að selja hana fyrir það verð, óskaði firmað að hún væri endursend. Með bréfi dags. 5. febr. 1916 skýrði stefndi því næst áfrýjanda frá því, að hann mundi gera sér alt far um að selja Ísafjarðarsendinguna, en um mjólk þá, er stefnda var send í ágúst, skýrir hann nú frá, að tregt gangi með söluna af sömu ástæðum og um Ísafjarðarsendinguna, með því að fyrir komi flöskur með súrum rjóma; segist hann halda, að ekki sé til neins að selja mjólkina hér og kveðst einnig biða eftir fyrirskipun um, að endursenda þessa sendingu. Með bréfi dags. 21. febr. s. á. svarar áfrýjandi þessu og leggur þá fyrir, að endursent sé með fyrstu ferð alt það, er óselt sé af mjólkinni. Stefndi kveðst þá hafa gert ítrekaðar tilraunir til að fá mjólkina flutta út, en bæði gufuskipafélögin hér í bænum hafi neitað um flutninginn. Þessu til sönnunar hefir stefndi lagt fram bréf frá afgreiðslumanni hins Sameinaða gufuskipafélags dags. 20. febr. 1917 og vottorð frá afgreiðslumanni Eimskipafélagsins dags. s. d. um, að þeir hafi eigi séð sér fært að taka mjólkina til flutnings, er hann fór fram á það. Í málinu er viðurkent, að stefndi hafi selt 10 kassa af Reykjavíkursendingunni, og var stefndi í undirrétti dæmdur til að greiða andvirði þeirra með 136 kr. Þá hefir stefndi lagt fram í undirrétti vottorð frá rannsóknar-

stofunni um rannsókn á 2 flöskum af mjólk, og reyndist mjólkin súr og ónothæf á annari flöskunni, en áfrýjandi hefir mótmælt því, að hér sé um þá mjólk að ræða, sem um er stefnt í málinu.

Um mjólk þá, er send var til Reykjavíkur, heldur áfrýjandi því fram, að stefndi sé skyldur til að greiða andvirði hennar með því að hann hafi ekki sannað, að hún hafi verið skemd, er hún kom í hans hendur og af því að hann hafi aldrei komið fram með neinar aðfinslur um hana og aldrei fengið leyfi til að endursenda hana. Um Ísafjarðarsendinguna heldur áfrýjandi því fram, að stefndi hafi eigi heldur sannað, að sú mjólk hafi verið skemd, og um báðar þessar sendingar tekur áfrýjandi fram, að stefndi hafi engar tilraunir gert til að endursenda þær, og byggir hann þetta á því, að stefndi hafi aldrei leitað samþykkis hins brezka konsúls í Reykjavík um útflutningsleyfi fyrir umrædda mjólk, en þegar slíkt leyfi hafi vantað hafi gufuskipafélögin að sjálfsögðu ekki viljað taka sendingu þessa til flutnings.

Það er að vísu rétt, að stefndi hefir engar fullgildar sannanir fært fyrir því, að umrædd mjólk hafi verið skemd, er hún kom í hans vörzlur, en þetta þykir eigi máli skifta með því að hið danska firma tók skýrslu stefnda um mjólkina gilda, og leyfði eða lagði svo fyrir í bréfi sínu 21. febr. 1916, að mjólk-in skyldi endursend, og verður að líta svo á, að þar sé átt við endursendingu allrar mjólkurinnar, Reykjavíkursendingarinnar engu síður en Ísafjarðarsendingarinnar.

Það er nú að vísu ekki sannað, hvenær stefndi

hefir gert hina fyrstu tilraun til að endursenda mjólkina, en það er þó viðurkent af áfrýjanda, að stefndi hafi með bréfi dags. 7. júní 1916 skýrt áfrýjanda frá að erfiðleikar væru á því, að fá mjólkina flutta út, og verður því að ganga út frá því, að hann hafi þá verið búinn að leyta fyrir sér hjá hlutaðeigandi gufuskipafélögum um flutninginn og fengið afsvar. Það sést ekki, að neitun þeirra hafi verið nokkru skilyrði bundin eða þau hafi gefið kost á flutningnum, ef samþykki hins brezka konsúls kæmi til, enda er það ósannað, að slíkt leyfi hefði fengist.

Eftir þessum atvikum verður ekki álitid, að stefndi hafi bakað sér skaðabótaskyldu gagnvart áfrýjanda, þótt hann kæmi ekki útflutningnum á hinn umræddu mjólk í framkvæmd, og verður því að sýkna hann af aðalkröfu áfrýjanda um greiðslu á andvirði allrar mjólkurinnar.

Svo sem tekið hefir verið fram, var stefndi í hinum áfrýjaða dómi dæmdur til að greiða áfrýjanda andvirði 10 kassa af mjólk, sem hann viðurkendi að hafa selt. Þetta hefir áfrýjandi talið 136 kr. 7 a., og þar sem stefndi hefir eigi mótmælt þeirri upphæð, ber að dæma hann til að greiða áfrýjanda hana með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi 18. jan. þ. á. til borgunardags.

Stefndi var löglega kvaddur á sáttafund í málinu, en hann kom eigi á fundinn og bar þó eigi fyrir sig forföll. Fyrir þetta verður hann samkvæmt tilsk. 20. jan. 1797, 26. gr. og tilsk. 11. ágúst 1819 að sæta sekt, sem ákveðst 8 kr. og renni í landssjóð. Svo verður hann og að greiða áfrýjanda málskostnað í hér-

aði, er telst hæfilega metinn 30 kr. Eftir atvikum virðist rétt, að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndi, Halldór Gunnlögsson, greiði áfrýjanda, Sveini Björnssyni yfirréttarmálaflutningsmanni, fyrir hönd hlutafélagsins Det danske Mælke Compagni 136 kr. 7 a., með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, en sé að öðru leyti sýkn af kröfum áfrýjanda. Stefndi greiði sekt til landssjóðs 8 kr. og málskostnað í héraði 30 kr. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 26. nóvember 1917.

Nr. 35/1917.

Páll Jónsson

gegn

Jóni St. Scheving.

D ó m u r :

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 21. des. f. á., var áfrýjandi þessa máls, Páll Jónsson yfirréttarmálaflutningsmaður, dæmdur fyrir meiðryði um Jón St. Scheving yfirsildarmatsmann á Seyð-